

föstgur

FYLGIRIT FRÉTTIR

18. febrúar 2011

Helga Margrét Reykdal er ófeimin

- Dönsk götutíska
- Flottar yfirhafnir
- Barbara í Gongini

**TÖLVU
PAKKI**

Kr. 99.950

AFMÆLISTILBOÐ

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS



- Athlon II X250 3,0GHz DualCore AM3
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair
- 500GB SATA 3 WD
- AMD HD3000 skjástýring
- LG 21,5" LCD 1920x1080
- Windows 7 Home Premium 64bita



núna

❁ ekki missa af



SÆNSK INNFRÁS Í KRON KRON Tískuverslunin Kron Kron hefur tekið inn tvö ný fatamerki, sænska tískurisann Acne og hið franska See by Chloé, sem er undirmerki tískuhússins Chloé. Merkin eru bæði feikivinsæl og flott og eiga tvímælaust eftir að falla í kramið hjá tískuunnendum á Íslandi.

blogg vikunnar

Ungbloggari

Það er hin fjórtán ára gamla Fallie sem heldur úti blogg síðunni www.fallie.blogspot.com. Stúlkan er eistnesk og hefur mikinn áhuga á tísku og öllu sem henni fylgir. Þrátt fyrir ungan aldur er stúlkan afskaplega smekklega klædd og minnir einna helst á unga Alice Delal.



Heimamenn

[Www.thelocals.dk](http://www.thelocals.dk) er haldið úti af fyrrverandi ljósmyndara götutísku-síðunnar Copenhagenstreetstyle.dk, Søren Jepsen. Fyrri síðan var lögð niður skömmu eftir jól, þar sem aðstandendur hennar höfðu ákveðið að snúa sér að öðrum verkefnum. The Locals er eitt af þeim verkefnum og þar birtir Jepsen myndir af íbúum þeirra bæja og borga sem hann heim-sækir.



Rabbit Hole sýnd á kvikmyndahátíð í Rotterdam:

Seldist upp á sýningarnar

Stuttmyndin Rabbit Hole, í leikstjórn hönnuðarins Munda vonda, var sýnd á kvikmyndahátíð í Rotterdam í síðustu viku. Myndin var sýnd í svonefndum Official Selection flokki og var uppselt á allar sýningar hennar.

Að sögn Hrefnu Hagalín, annars framleiðanda myndarinnar, höfðu aðstandendur hátíðarinnar séð umfjöllun um myndina á Netinu og í kjölfarið boðið henni á hátíðina. Myndin keppti í undirflokki Official Selection sem nefnist Signals: Out Of Fashion og fékk myndin mjög góðar undirtektir. Hrefna segir það mikinn heiður að hafa fengið boð á hátíðina og að þetta hafi einnig verið góð kynning fyrir myndina. „Það var verið að fagna fjörutíu ára afmæli hátíðarinnar í ár þannig að þetta

var sérstaklega mikill heiður. Þetta kemur líka myndum manns frekar á framfæri auk þess sem maður kynnist fullt af fólki og myndar sambönd sem gætu nýst manni í framtíðinni,“ útskýrir Hrefna sem rekur framleiðslufyrirtækið Krunk Productions ásamt Kristínu Báru Haraldsdóttur.

Hrefna segir dvölinu í Rotterdam hafa verið góða og að hátíðin hafi verið sérstaklega áhuga-verð. „Hátíðin var frábær og dagskráin mjög áhugaverð. Í kjölfarið fengum við svo boð á kvikmyndahátíð í New York sem fer fram í byrjun sumars. Við erum þó ekki búnar að staðfesta komu okkar en það væri rosalega gaman að geta verið viðstaddur þegar myndin verður sýnd, en þetta fer allt eftir peningum og tíma,“ segir hún að lokum.

- sm

Ánægð Hrefna Hagalín, annar framleiðenda Rabbit Hole, segir það heiður að hafa fengið boð á hátíðina. Myndin er í leikstjórn hönnuðarins Munda vonda.



FRETTABLAÐ/VALLU

Ný húðlína frá L'Oréal sem byggir á 10 ára genarannsóknum.

Þessa nýja genatækni effir hæfileika húðarinnar til að endurheimta æskuljómann.



YOUTH CODE rakagefandi andlitskrem, gefur jafnari og sléttari áferð. Húðin endurheimtir æskuljómann og verður unglegr, ljóminn endurheimtist og breytumerki í andlitsdráttum minnka. Við notkun er kremið frískandi og gefur fyllingu. Kremið er flauelsmjúkt viðkomu og gerir húðina mjúka sem satín. Smýgur mjög hratt inn í húðina, mjög þægilegt að nota undir farða. Má nota bæði kvölds og morgna.



YOUTH CODE concentrate nærir húðina samstundis og gefur henni raka. Dregur úr sýnilegum línum og öldrunarmerkjum. Hefur mjög sléttandi og strekkjandi áhrif á húðina, notist á andklit og háls, sérstaklega á þau svæði þar sem línur virðast greinilegri og húðin þarfnast auka styrkingar. Setjið svo rakakremið yfir.

YOUTH CODE augnkrem gerir það að verkum að húðin endurheimtir æskuljómann. Hefur sléttandi áhrif á augnsvæðið, húðin virkar sléttari og finar línur virðast grynnri. Kremið smýgur einstaklega þægilega inn í húðina og lýsir upp húðin umhverfis augun. Notist kvölds og morgna.



L'ORÉAL
PARIS



Kiosk Níu ungir og efnilegir hönnuðir reka saman Kiosk. FRETTABLAÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Kiosk flutt um set

Hönnunarverslunin Kiosk hefur fært sig um set og er nú á Laugavegi 65. Verslunin verður með sama sniði og áður og því verður áfram hægt að kaupa fyrsta flokks íslenska hönnun á staðnum. Meðal annars mun hönnuðurinn Ásgrímur Mór Friðriksson kynna sína fyrstu línu undir merkinu Asi of Iceland.

Stine Goya og Weekday í eina sæng:

Mýkt og ákveðni

Danski hönnuðurinn Stine Goya hefur hannað sérstaka fatalínu fyrir sænsku tískuverslunina Weekday og er hún væntanleg í sölu um miðjan apríl.

Goya lýsir línunni sem andstæðukenndri og segir mýkt og ákveðni mætast í henni. „Mýkt efnisins er mætt með flíkum sem lýsa sjálfsöryggi og ákveðni. Smáatriði eins og rennilásar, mjúkir axlapúðar og litlir vasar gera flíkurnar skemmtilegri en ella,“ sagði hönnuðurinn um línuna. Goya er einn vinsælasti hönnuður Dana um þessar mundir og því er víst að línan fyrir Weekday mun rjúka út.

- sm



Eftirvænting Stine Goya er einn vinsælasti hönnuður Dana um þessar mundir. Línan sem hún hannaði fyrir Weekday kemur í verslanir í apríl.

NORDICPHOTOS/GETTY



VEL KLÆDD Söngkonan Courtney Love leit afskaplega vel út er hún sótti Elle Style Awards-hátíðina í gólfíðum kjól frá Helmut Lang.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsíðumynd Arnþór Birkisson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is Föstudagur Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



BLÓM FRÁ
390



GLÆRIR DISKAR FRÁ 290



PÚÐAR FRÁ
2990



FUGL
790



PLASTDÚKARNIR KOMNIR AFTUR!
3 GERÐIR

DÚKAR FRÁ 2490

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN KONUR!



PLASTDISKUR
MEÐ KÚPLI
4990

SNYRTIVÖRUR
FRÁ 490



LUKTIR FRÁ
5490



BLAÐAGRIND
5990



KERTI 690

the
PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORG 522 7870 • GLERÁRTORG 522 7880



Nafn: Andrea
Starf: Verslunarstjóri
Fatnaður: Second-hand jakki, skór frá Volta, buxur frá Surface to Air, taska frá Sansonite.
Nafn: Serena
Starf: Hönnuður
Fatnaður: Jakki frá Moschino, taska frá Azumi and David, buxur frá Dr. Denim, skór frá Ugg.



Nafn: Jacqueline Hielscher
Starf: Starfsstúlka í Flying A
Fatnaður: Jakki úr H&M, skór frá Timberland, buxur frá Acne.



Nafn: Natasha Poulsen
Starf: Ferðamálafrömuður
Fatnaður: Jakki og taska keypt í Svíþjóð, skór keyptir á Strikinu, eyrnalokkar frá Rússlandi.



Nafn: Jana
Starf: Starfsstúlka í fataverslun.
Fatnaður: Second-hand jakki, skór frá Vans L.A., buxur frá Cheap Monday.



Nafn: Frederik Nonnemann
Staf: Háskólanemi
Fatnaður: Jakki frá Van Gils, peysa og buxur úr Zöru, sólgleraugu frá Paul Frank, skór frá U-rides.



Nafn: Maymanah
Starf: Hönnuður
Fatnaður: Taska frá SASA, jakki frá Reiss, skór frá Carvela.

Götutískan í Kaupmannahöfn:

FJÖLBREYTT GÖTUTÍSKA

Kaupmannahafnarbúar hafa ávallt þótt vera með puttann á tískupúlsinum. Föstudagur ákvað að nýta tækifærið og fara á stúfana með ljósmyndaranum **Hildi Maríu Valgarðsdóttur** og mynda smekklega borgarbúa meðan á tiskuvikunni í Kaupmannahöfn stóð. Hér má sjá afraksturinn af því.

RÝMINGARSALA

Síðustu dagar útsölu.
Allt á að seljast!

60-80% afsláttur

Frábært úrval af nýrri vetrarvöru:

Kjólar - Buxur - Peysur - Úlpur - Blússur - Skyrtur - Jakkar - Skór - Stígvél.
Stærðir 36-52

hjá Grafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Nafn: Christoffer
Starf: Tónlistarmaður
Fatnaður: Second-hand jakki, stutt-ermabolur og buxur úr Urban Outfitters, peysa frá Acne.
Nafn: Andrea
Starf: Starfar á kaffihúsi
Fatnaður: Jakki úr Whyred, skór frá Carla F, second-hand buxur keyptar í Los Angeles.



Nafn: Stine Maria Larsen
Starf: Á milli starfa
Fatnaður: Jakki frá M by M, hattur frá Monki, trefill frá Friis & Co.

Dorma býður góða nótt



SERTA-TILBOÐSDAGAR

Serta heilsurúm



Serta hefur verið leiðandi í rúmaframleiðslu í yfir 75 ár. Nú fást hinar heimsþekktu Serta heilsudýnur á frábæru verði í Dorma, Holtagörðum. Komdu og gerðu frábær kaup.

- 5 svæða Miracoil® gormakerfi
- TotalEdge® kantstyrking - gefur meira svefnsvæði!
- 7 svæðaskipt Latex yfirdýna
- Val um 3 liti af botnum



Daysleeper heilsurúm með botni

Stærð cm.	Tilboðsverð
90x200	99.365,-
100x200	107.865,-
120x200	124.865,-
140x200	148.665,-
160x200	190.315,-
180x200	209.856,-
192x203	231.115,-



Stubbastólarnir fyrir litla prinsa og prinsessur

Vandaðir leðurlux-stólar fyrir yngri kynslóðina. Gott að þrifa og fer vel hvort sem er í stofuna eða barnaherbergið.

19.900,-

með skemli



FRÁBÆR SVEFNSÓFI



75.900,-

Rúmfatageymsla

ILMUR MÁNAÐARINS



25% AFSLÁTTUR

YANKEE CANDLE®

a passion for fragrance®

Yfir 40 ilmtegundir

ÞÆGILEGUR



69.900,-

Hægindastóll í tau

Búið er að reikna afsláttinn í verð í auglýsingunni

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18

Lau frá kl. 11-17

Sun frá kl. 13-17



DORMA

– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Ilmstrá mikið úrval!



*Frelsið
er yndislegt...*

Full búð af Vörvörum

rokk
og rósi

LAUGAVEGUR 17 - SÍMI: 551 5656



Salome Friðgeirsdóttir:

Féll fyrir afró

ALDUR: 29 ára
STARF: Verkefnastjóri

HVAÐ ERTU BÚIN AÐ STUNDA AFRÓ LENGI?: Ég byrjaði að stunda afró á mínum fyrstu árum í framhaldsskóla en hef tekið mér góðar pásur á milli þegar ég hef verið búsett erlendis.

AF HVERJU BYRJAÐIR ÞÚ?: Ég féll fyrir afró þegar það kom hópur úr Kramhúsinu að sýna í gaggó. Ég var að leita mér að góðri hreyfingu og vildi prófa eitthvað nýtt. Lifandi tónlist í fjölmennningarlegu umhverfi heillaði mig.

HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ AFRÓ?: Samsetning af kraftmiklum hreyfingum, dansi, lifandi tónlist og góðum félagsskap er galdurinn.

ER ÞETTA DÝRT ÁHUGAMÁL?: Þetta kostar sitt en er algjörlega þess virði.

DELLU
kellingin



Verð: 15.900
Litir: Svartir - Marglitir



Verð: 23.900
Litir: Svartir.



Verð: 5.200
Litir: Svartir, Gull, Silfur



Verð: 25.900
Litir: Ljósbrúnt




Verð: 25.900
Litir: Svartir – Gráir



Verð: 24.900
Litir: Ljósbrúnt

BIANCO.[®]
FOOTWEAR
KRINGLAN



Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Töfratalan

Ég er oft spurð út í kynjamun í tengslum við kynfræðslu og þá hvort strákar spyrji annarra spurninga en stelpur. Ég þarf yfirleitt að hugsa mig töluvert um því fyrir mér þá eru það einna helst kynfærin sem aðgreina kynin en ekki kynlífsathafnir. Það væri þó lygi að segja að kynin komi eins að borði þegar viðkemur kynfræðslu. Fljótt á litið virðast konur vera tilbúnari til að ræða flesta króka og kima kynlífs á fróðleiksfúsan en hispurslausan hátt. Karlmennt virðast hins vegar oft á tíðum vera feimnari og gera sér upp algert áhugaleysi um efnið. Hvort það sé raunin get ég ekki sagt til um. Þó er það mín reynsla að spurningar karlmannna snúi helst að mér og minni persónulegu kynlífs-reynslu, og þá sérstaklega í tengslum við framandi stellingar og fjölda bólfélaga.

Ég gæti brugðist ókvæða við og talið þetta sönnun þess að menn séu svín sem kunna sig ekki, en ég held að spurningin risti dýpra en svo. Ég tel því að spurningin sé til þess falin að kanna hvort ég sé traustsins verð og ef ég svara rétt þá geti karlmenn spurt að því sem raunverulega brennur á þeim. Þrátt fyrir þessa túlkun mína þá breytir það því ekki að á hverjum einasta degi heyrir spurningin: hversu mörgum hefur þú stundað kynlíf með? Persónulega tel ég þetta málinu algerlega óviðkomandi og ein dónalegasta spurning sem hægt er að spyrja. Fjöldi rekkjunauta er leikur að tölum sem segir ekki til um kynlífsathafnir viðkomandi, hvorki í fortíð, nútíð né framtíð. Einn bólfélagi getur þýtt annaðhvort fjöldinn allur af samförum eða bara eitt skipti. Ég læt þig svo um að dæma hvort sé meira lýsandi þó tala einstaklinga sé sú sama. Þetta er sígilda sagan um madonnuna og hórana. Karlar eiga að sækja sér karlmennsku og kynlífsreynslu í sköpum sem flestra kvenna á meðan þessar sömu dömur eiga að læsa beltinu og bíða eftir þeim eina rétta. Þessi tvískinnungur gengur ekki upp og er því alger rökleysa. Einstaklingum væri nær að ræða hvað þeir væru tilbúnir til að prufa frekar en með hversu mörgum þeir hafa prufað það. Við þurfum að hætta að spyrja að hlutum sem engu máli skipta. Til að hnýta endanlegan hnút á umræðuna þá er það mýta að píkann slappist og verði víð eftir ákveðið magn samfara, rétt eins og typpi minnka ekki né stækka því oftar sem þau eru strokkuð. Verum smart og sýnum hvort öðru virðingu í samræðum og samförum.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.
Netfangið er kynlif@frettabladid.is

BIOTherm

5 virkir efnaþættir úr ávöxtum og grænmeti sem eyða þreytumerkjum áður en þau breytast í öldrunarmerki.

SKIN•ERGETIC¹

Krem með viðgerðareiginleikum sem afmá þreytumerki

97.5% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI • ÁN PARABENS



„ÓPREYTT“ HÚÐ ALLA DAGA.

SLÉTTARI, FYLLTARI OG ÚTHVÍLD HÚÐ MEÐ FALLEGA MÓTAÐAR ÚTLÍNUR.
VÍTAMÍNFYLLT OG FERSK HÚÐ.

Dagkrem
ANTI-OX

Næturkrem
D-TOX



5 virkir efnaþættir úr ávöxtum og grænmeti²

5 virkir efnaþættir úr tei og fræjum³

¹ frá Biotherm. ² tómatar (lycopene), epli (grasfrumur), beisk appelsína (neohesperidin), grape & granatepli (polyphenol)
³ te (catechin), ruskus (saponin), solaprótein, bókhveiti & trónuber (lipid)



Helga Margrét Reykdal
Hefur verið viðloðandi fjölmiðla allt frá því að hún var fimmtán ára.

FIMMTÁN ÁRA Í FJÖLMÍÐLA

Helga Margrét Reykdal segist uppalin á fjölmiðlum og hóf sjálf störf innan þess geira aðeins fimmtán ára gömul. Hún er nú framkvæmdastjóri kvikmynda- og viðburða-fyrirtækisins Truenorth.

Viðtal: Sara McMahon

Ljósmyndir: Arnþór Birkisson

útvarpsstöð, Fréttaútvarpið, og var pabbi þar á meðal. Í upphafi var sendirinn í gömlum Land Rover sem ekið var um bæinn svo ekki væri hægt að rekja sendinguna, en síðar var sent frá ritstjórn DV. Ég var auðvitað ekki í skóla á þessum tíma, þar sem það var verkfall, og gat því tekið þátt í þessu ævintýri með pabba," segir Helga Margrét og bætir við: „Ég leiðist því tiltölulega snemma inn á þessa braut.“

fræði við Háskóla Íslands en vann meðfram náminu hjá Saga Film allt þar til hún stofnaði, ásamt Leifi B. Dagfinnssyni og Árna Páli Hanssyni, sumarið 2003 fyrirtækið Truenorth, sem sérhæfði sig í að þjónusta erlenda aðila sem hingað koma til að kvikmynda. „Okkur fannst þetta rétta skrefið til að taka á þessum tíma. Við höfum alltaf haft mjög litla yfirbyggingu í kringum okkur, það eru fáir fastráðnir en þess í stað stækum við og minnkum eins og harmóníka eftir því sem þarf. Árið 2005 hófum við að sinna viðburðum og á þessu ári komu til liðs við okkur tveir íslenskir auglýsingaleikstjórar, þeir Samúel og Gunnar Páll, og ætlum við að fara að sinna þeim markaði líka. Við tökum þetta sem sagt í litlum en ákveðnum skrefum.“

„Það er mesta furða hvað maður verður lítið feiminn.“

TÓK SKÓLA MEÐ VINNU

Hún hélt áfram að vera viðloðandi fjölmiðla eftir Fréttaútvarpsævintýrið og vann til dæmis sem blaðamaður hjá DV með skóla þar sem hún fjallaði helst um lífið og tilveruna. Hún gerðist síðar aðstoðarmanneskja Ingólfs Margeirssonar og Völu Matt sem voru þá umsjónarmenn viðtalsþáttarins Í sannleika sagt. Þátturinn var framleiddur af Saga Film og segist Helga Margrét hafa í lengst hjá því fyrirtæki þegar framleiðslu þáttanna lauk. „Fyrst vann ég í fjölmiðlum með skóla en undir lokin var ég farin að taka skólann með vinnu," segir hún létt í bragði. Helga Margrét stundaði nám í stjórnmála- og fjölmiðla-

ENGIN FEIMNI

Helga Margrét segir helsta galla starfsins vera þann að lítið sé hægt að skipuleggja fram í tímann en segir að upp á móti vegi að hún hafi kynnst mörgu áhuga-verðu fólki í gegnum vinnu sína. Truenorth hefur unnið að ýmsum stórum verkefnum um árin og má þar helst nefna stórmyndirnar Flags Of Our Fathers og Stardust. Innt eftir því hvort hún verði aldrei feimin þegar hún hittir stórstjórnur í fyrsta sinn svarar Helga Margrét því neitandi. „Það er mesta furða hvað maður verður lítið



Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.



Faðir Helgu Margrétar Reykdal starfaði lengi hjá hinum ýmsu prentmiðlum og segist Helga því hafa kynnst heimi fjölmiðlanna ung að árum. „Pabbi hefur starfað hjá hinum ýmsu fjölmiðlum alveg frá því að ég fæddist og ég hef því alltaf verið mikið í kringum fjölmiðla," útskýrir Helga Margrét.

Í stóra verkfallinu sem átti sér stað árið 1984, þegar allir meðlimir stéttarfélagssins BRSB lögðu niður störf, var faðir Helgu Margrétar í hópi manna sem ráku ólöglega útvarpsstöð og var Helga Margrét meðal annars fengin til að setja saman popplög þegar prófa átti útvarpssendinn í fyrsta sinn og þannig hófst ferill hennar innan fjölmiðla. „Starfsfólk á ritstjórn DV rak á þessum tíma ólöglega

feiminn," segir hún og hlær. „Það helgast helst af því hvað þetta fólk er yfirleitt skemmtilegt og opið.“

Hún segir kvikmyndaiðnaðinn hér á landi hafa þróast gríðarlega eftir samstarfið við allt það erlenda fagfólk sem hingað hefur komið í tengslum við kvikmyndaframleiðslu og því sé mikilvægt að halda áfram að fá slík verkefni til landsins. „Íslenski kvikmynda-bransinn hefur þróast mikið við þetta og þess vegna skiptir það fagið máli að halda áfram að fá verkefni til landsins. Svo má auðvitað ekki gleyma fjárhagslega ávinningnum sem hlýst af þessu," segir hún.

Helga Margrét segir mikla vinnu liggja að baki því að fá erlenda kvikmyndaframleiðendur hingað til lands og fer mikill tími í að kynna og markaðssetja landið fyrir erlendum kvikmyndaframleiðendum. „Helstu kostir þess að taka upp á Íslandi eru landslagið og þær stuttu fjarlægðir sem eru á milli staða. Hér þarf að keyra mjög stutt til þess að skipta um landslag. Við höfum þó átt í erfiðleikum með að fá fólk hingað eftir gosið í Eyjafjallajökli þar sem erlend tryggingafyrirtæki neituðu um tíma að tryggja framleiðslufyrirtækin ef þau ætluðu sér hingað til lands. Það er þó sem betur fer að breytast núna," segir hún.

EINKALÍFIÐ VIRT

Innan kvikmyndabransans starfa margir karlmenn og eru konur í nokkrum minnihluta og segist Helga Margrét ekki vita af hverju svo er. Hún tekur þó fram að breyting hafi orðið þar á undanfarin ár og að sífellt fleiri konur taki að sér störf við kvikmyndagerð. „Það hefur sem betur fer orðið fjölgun á konum sem starfa innan þessa geira. Konur hafa alltaf verið sterkar innan framleiðsludeildarinnar, í búningahönnun og förðun en sótt minna í störf eins og ljósa-hönnun og tæknibrellugerð. Annars tel ég að konur eigi vel heima í þessum bransa þar sem við erum duglegar í að gera marga hluti í einu og það er mikill kostur þegar kemur að kvikmyndagerð," segir hún brosandi.

Helga Margrét segir starfið vera túravinnu sem geti bitnað á fjölskyldulífi fólks en segir starfsfólk Truenorth vera duglegt að aðstoða hvert annað við að láta hlutina ganga upp. „Við hjálpumst mikið að og virðum einkalíf hvert annars og reynum að vinna þannig að allir uni glaðir við sitt. Ég hef alla tíð verið mjög heppin með samstarfsfólk og á milli okkar hafa myndast sterk vinatengsl.“

GETUR EKKI VERIÐ AÐGERÐALAUS

Helga Margrét segist hafa gaman af starfi sínu og á meðan svo er hyggst hún halda áfram á sömu braut. Hún segist þó hafa ýmis önnur áhugamál utan vinnunnar og nefnir í því samhengi eldamennsku og hannyrðir. „Ég hef mjög gaman af því að elda og geri það gjarnan þegar ég vil kúpla mig frá stressinu sem getur fylgt vinnunni, mér finnst líka mjög róandi að sitja við hannyrðir.“ Hún segist einnig njóta útivistar enda fylgir mikil útivera starfi hennar og nýverið hóf hún að leika golf. „Ég hef alltaf eitthvað fyrir stafni þegar ég er ekki í vinnu, ætli það meg ekki segja að það eina sem ég er ekki góð í sé að gera ekki neitt," segir hún að lokum og brosir.

myndaalbúmið



Þessi mynd var tekin af okkur vinkonunum í saumaklúbbnum SMA í kringum árið 1990. Við höfum haldið hópinn frá því við vorum saman í Fjölbautaskólanum í Breiðholti.



Þarna er ég með tveimur af systkinum mínum og tveimur frændum heima hjá afa. Hundirinn okkar, Snotra, er með á myndinni.



Þessi mynd er tekin heima hjá afa og ömmu á Mobergi í Hafnarfirði, sem í dag er betur þekkt sem Setbergshverfið. Fram að 6 ára aldri ólst ég upp í húsi sem var rétt hjá þeim og fór því oft og iðulega í heimsókn þangað.

Signatures Of Nature

-náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

15-20% afsláttur af öllu um helgina

Naturescent línan okkar hefur

ECOCERT gæðastimpil,
ECOCERT er vottun stofnunar fyrir lífrænt
ECOCERT er skuldbundið til að koma á
trausti á milli viðskiptavina og
neytenda á lífrænum markaði.

HÚÐVÖRUR án allrar PARABENA
NÝTT
MINERAL MAKE UP



Þórunn Birna Guðmundsdóttir, Nálastungusérfræðingur, jurtaráðgjafi, næringarþerapisti, nuddari

Nature scent vörurnar frá Signatures of Nature eru í algeru uppáhaldi hjá mér. Þær eru allar úr náttúrulegustu hráefnum og aromatherapíu olíum og unnar á náttúrulegan máta sem er algert skilyrði nr. 1 fyrir mig og mína viðkvæmu húð.

Sem jurtaráðgjafi og nálastungusérfræðingur, er ég stöugt á höttunum eftir bestu vörum hverju sinni og geri miklar kröfur um gæði og vinnslu og að allt sé sem náttúrulegt og hægt sé.

Nature scent vörurnar uppfylla öll mín skilyrði og svo er líka alger unun að opna hverja krukku eða flösku fyrir sig því ilmurinn af olíunum senda mann í þvítíka slökun og draumaheim. Nú get ég tekið fríð og dekríð með mér heim án samvisku og með öryggistilfinningu yfir aukinni vellíðan og bættri húð.

Verslun okkar er í Smáralind 2, hæð við D-inngang /sími: 511 10 09
www.signaturesofnature.is



Leðurklædd
Sérstaklega flottur leðurjakki frá fær-
eyska hönnuðinum.



Einstakt
Flottur kjóll,
leggings og
einstakur jakki
frá Barböru í
Gongini.



Draugaleg Svartur kjóll
og skósítt vesti ásamt
síðri silfurhálsskeðju.



LYFJA
- Lífið heil



www.lyfja.is

+ Náttúrulegt og lífrænt
fyrir húðina

Barbara í Gongini slær í gegn á tískuvikunni:

Framúrstefna frá Færeyjum

Hönnunarkerkið BARBARA í gONGINI var á meðal þeirra skandin-
avísku tískumerkja sem sýndu línur sínar á nýyfirastaðinni tískuviku
í Kaupmannahöfn. Merkið er upprunalega frá Færeyjum en hefur aðsetur
í Kaupmannahöfn og þykir hönnun þess dökk og framúrstefnuleg.
Sýning BARBARA í gONGINI fór fram í Det kongelige danske musik-
konservatorium og var líkari listagjörningi en tískusýningu. Tónlistin
var drungaleg og fyrirsætarnar gengu eins og í leiðslu um sviðið með
hvítmáluð andlit og kolsvart hár. Fatnaðurinn var framúrstefnulegur og
var sýningin því einstök upplifun frá upphafi til enda.

- sm

LAVERA

+ 20%
afsláttur
til 25. febrúar.



Lavera eru vottaðar lífrænar húðvörur
– án allra aukaefna.

WELEDA

KYNNING Í DAG
Lyfju Lágmulu og Smáralind
kl. 14:00-17:00

+ 20%
afsláttur
til 25. febrúar.



Granatepla andlitslínar. Náttúrulegar snyrtivörur
sem veita húðinni öfluga meðferð til lengri tíma.

SÓLEY ORGANICS

+ 20%
afsláttur
til 25. febrúar.



eyGLÓ andlitskreimið er lífrænt vottað, ríkt af andox-
unarefnum og endurnærir þurra, og þreytta húð.

PURITY HERBS

+ 20%
afsláttur
til 25. febrúar.



Andlits Serum vítamíndropar frá Purity Herbs
fríska upp líflausa, þreytta og vannærða húð.

Lágmulu • Laugavegi • Garðatorgi • Smáralind • Smáratorgi • Setbergi • Borgarnesi • Grundarfirði • Stykkishólmi • Búðardal • Patreksfirði • Ísafirði • Bolungarvík • Blönduósi • Hvammstanga
Skagaströnd • Sauðárkrúki • Húsavík • Kópaskeri • Raufarhöfn • Þórshöfn • Egilsstöðum • Seyðisfirði • Neskaupstað • Eskifirði • Reyðarfirði • Fáskrúðsfirði • Höfn • Laugarási • Selfossi • Grindavík • Keflavík



Framúrstefnuleg Hönnun Barböru í
Gongini þykir einstök.



Svart og flott Fallegur, hálf gegnsær kjóll
frá Barbara í Gongini.



Vandaðir leðursófar frá Italsofa
komdu og kíktu á úrvalið

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

www.valhusgogn.is



Basicplus háholti 13-15, við hlið krónunar í mos.
Komdu og skoðaðu frábærar vörur í miklu úrvali, stútfull búð af nýjum vörum í góðum stærðum
Opið: mán - fös 12:00- 18:30 og lau 11:00-18:00



Útlit

✱ Lifið lífinu



NÁTTÚRULEGUR FARÐI Teint Miracle-andlitsfarðinn frá LancÔme er áferðarfallegur og gefur húðinni náttúrulegt útlit. Éclat Miracle er ljóma-serum sem hægt er að nota eitt og sér eða sem undirfarða. Það jafnar litarháttinn og gefur húðinni fallegan ljóma.



Baksviðs Pejic myndaður baksviðs á sýningu Ody Vovk á tiskuvíkunni í New York sem fram fór í byrjun febrúar.



Fríður sýnum Andrej Pejic baksviðs á sýningu Custo Barcelona á tiskuvíkunni í New York nú í febrúar. Pejic hefur verið vinsæll á tiskupöllum í ár.

Fyrirsætan Andrej Pejic slær í gegn innan tískuheimsins:

Andlit kynlausrar tísku

Serbeska fyrirsætan Andrej Pejic hefur heillað tískuheiminn undanfarna mánuði en hann vakti fyrst athygli er hann sýndi fötin hjá hönnuðinum Jean Paul Gaultier í desember síðastliðinn. Síðan þá hefur stjarna hans risið hratt. Pejic er aðeins nítján ára gamall og flúði föðurland sitt, Bosníu-Hersegóvínu, á tíunda áratugnum og hefur síðan þá búið í Ástralíu. Hann hefur verið ráðinn af hönnuðum til að sýna bæði herra- og kvenfatnað og situr meðal annars fyrir í nýrri auglýsingaherferð fyrir vorlínu Marcs Jacobs. Útlit hans þykir sérstaklega kvenlegt og vöxturinn sömuleiðis og er hann orðinn andlit þess sem kallast „kynlausrar tísku“, það er að segja tísku sem hentar báðum kynjum.

Pejic segist ekki eiga í vandræðum með að sýna kvenmannsföt og viðurkennir að honum þyki gaman að láta dekra við sig baksviðs af förðunarfræðingum og hárgreiðslufólki.

- sm



Í flíkum frá Jean-Paul Gaultier Pejic sýnir nýja kvenlínu hönnuðarins Jean-Paul Gaultier. Þess má geta að söngkonan Rihanna klæddist þessum kjól á Grammy-verðlaunahátíðinni.



Á tiskuvíkunni Pejic sýnir fatnað hönnuðarins Yoana Baraschi á tiskuvíkunni í New York.

NORDICPHOTOS/GETTY



ÞÆGILEGAR ABC aðhalds-sokkabuxur frá Oroblu fyrir árshátíðir og fermingaveislur.

Konur þurfa ekki endilega að vera með aukakíló sem þær vilja fela, til að þurfa á aðhaldssokkabuxum að halda. Margar sem eru búnar að eiga börn eru með slappari húð en áður, burtséð frá fituhlutfalli og aukakílóum. ABC sokkabuxur eru draumur hvernar konu, „bumba yfir streng“ hverfur, sokkabuxurnar rúlla ekki niður og konur verða allar stinnari og sléttari, passa betur í fötin og líður einfaldlega betur í fötunum sínum. ABC buxurnar eru einnig með þannig áferð að sokkabuxurnar loða ekki við fatnað, fatnaðurinn situr því á glæsilegri máta. ABC sokkabuxurnar slétta magasvæðið, lyfta upp og undirstrika rassinn ásamt því að styðja við mjaðmir og hliðar, til bæði með og án stuðnings niður á læri. ABC sokkabuxurnar eru til bæði í 40 og 20 denum í svörtum og sun lit, ráðleggjum eindregið 40 den fyrir konur sem eru þéttvaxnar því þær eru hærri upp og rúlla því síður niður. Báðar týpur er hægt að nota við opna skó.



Heiðruð Hönnuðurinn Christian Louboutin hefur hannað skó sem bera nafnið The Blake, í höfuðið á leikkonunni Blake Lively.

NORDICPHOTOS/GETTY

Louboutin hannar skó sem nefnist The Blake:

Lively heiðruð

Gossip Girl-stjarnan Blake Lively er mikill aðdáandi Louboutin-skónna og sést iðulega klæðast slíkum skóm á rauða dreglinum. Hönnuðurinn Christian Louboutin ákvað að heiðra Lively og hanna skó sem bera nafn hennar og eru þeir nú komnir á markað. Skórinn kallast The Blake og eru litríkir hælaskór

sem Lively mun án efa bera með sóma.

Önnur leikkona sem hefur hlotið þennan heiður er gamla „it“-stúlkan, Jane Birkin, en tiskuhúsið Hermès framleiðir enn hinar geysivinsælu Birkin-töskur.

- sm

The Blake Skórinn sem Louboutin hannaði handa Lively.





Amor Amor frá Cacharel, er ómótstæðilegur og djarfur ilmur.

Amor Amor er ávaxta-blómailmur sem heillar þig 100% frá fyrstu kynnum. Hvert og eitt innihaldsefnanna eru samstundis meðtekin af lyktarskyninu, hvort sem það er musk, sandalviður eða amber. Amor Amor Absolu er eau de parfum ilmur sem er lifandi, fjörlegur og heillandi. Ilmurinn er freistandi, en þó viðkvæmur með vanillu sem fullkomnar heildarilminn.

Ilmurinn er sannkallaður ástarelexir, ómótstæðilegur og djarfur.



Nýr hreinsimaski. Silk Peeling Mask.

Nýr hreinsimaski í Sensai línunni frá Kanebo Einstaklega mildur hreinsimaski sem djúphreinsar húðina og veitir góðan raka.

Húðin verður hrein og silkimjúk með þessum djúpnærandi en milda hreinsimaska.

Kemur blandaður í pumpuformi – nuddaður á húðina og látin biða í eina mínútu og síðan hreinaður af. Inniheldur Fingerð silkikorn sem leysast upp og veita húðinni einstakan raka.

Parisienne frá YSL.

Toppnótan er óvenjuleg og kynþokkafull með vinyl keim, trönuberjum og brómberjum. Hjarta ilmsins kemur fá tígulegum og litríkum blómum eins og fjólu og Damask rós. Ávextir gefa ilminum kynþokkafullan blæ og nútímalegir viðartónar (sandalviður, Patchouli og Vetiver) og musk umvefja hann orku. Þú þarft ekki að vera fædd í París til að vera „PARISIENNE“, það geta allar konur verið „PARISIENNE“ í huga sér. Fæst aðeins í Hygeu verslununum, Hagkaup Holtagördum, Kringlu og Smáralind, í Jöru á Akureyri og Bjargi á Akranesi.



Nýtt krem frá Clarins Vital Light. Hámarksendurnýjun.

Eitt stærsta skrefið í baráttunni við öldrun húðarinnar. Í fyrsta sinn í sögunni hefur Clarins nú notað afar óvenjulegar jurtir sem virkilega hraða endurreisn collagens með því að framkalla aftur það jafnvægi sem ung húð býr yfir. Ein af þeim er til að mynda Cochlearia eða Skarfakál sem fengið er frá Íslandi. Vinnur gegn öldrun húðarinnar og endurheimtir ljóma hennar Andlit þitt mun geisla af endurheimtum æskuljóma. Nú getur þú öðlast svo miklu meira en bara slétta húð með fallegum blæ því húð þín mun beinlínis ljóma af heilbrigði, vellíðan og útgeislun ungrar húðar.



Miss Dior Chérie edt 50ml. Vorblóma-cyprus ilmur.

Christian Dior sagði sjálfur að engin kona væri fullklædd ef ilminn vantaði. Miss Dior Chérie er Parísar ilmur fæddur í hátísku-húsi Christian Dior. Ilmurinn sem fangar sjarna og elegans Parísar konunnar.

Topptónn: Sætur appelsínu essence
Miðtónn: Neroli
Grunntónn: Patchouli



Giorgio Armani hefur hannað nýjan dömuilm sem heitir Acqua di Giò eða „vatn ánægjunnar.“

Fyrir þennan nýja dömuilm hefur hann sótt innblástur sinn til náttúrunnar sem er honum mjög nær. Ilmurinn er sambland af jörð og hafi, frísklegur viðar-sitrusilmur. Ilmnótarnar eru Kramin myntulauf sem gera ilminn mjög frískandi. Vatnasmína sem endurlífga, ásamt brúnum sykri og sedrusviði sem gera ilminn natunafullan. Ilmurinn undirstrikar einstaka tilfinningu og ánægju.

Ljúfir ilmir og mjúk krem



Trésor in Love frá Lancôme, ástarfundur með tindrandi gleði.

Ilmurinn er nautnafullur, frísklegur og vekur þokka. Blómanótur gefa ilminum mýkt og yndisauka en ávaxtanótur gefur ilminum sætleika. Ilmurinn inniheldur Nektarínu, Peru og Bergamont tré í toppnótu. Hjarta ilmsins er Jasmina og Tyrknesk rós. Grunnnota inniheldur Musk og Sedrusvið. Fæst á öllum Lancôme útsölustöðum.



Fágaður og nútímalegur ilmur frá Gucci, Flora by Gucci EDT.

Margbreytileiki þessa ilms hefst í kjarna hans sem er settur saman úr rós og Osmanthus blóminu. Ferskir sitrustónar og bóndarós mynda topptóninn og í grunninn er sandelviður og patchouli. Spennan milli þessara tveggja þátta nær algeru jafnvægi þar sem æska og léttleiki kallast á við munúð og dýpt.

Þarna er blóamynstrið fræga sem notað var í hönnun á silkislaðu sérstaklega hannaða fyrir prinsessuna af Mónakó, Grace Kelly.



Flowerbomb.

Flowerbomb dömuilmurinn frá Viktor & Rolf er ávanabindandi blómasprengja full af orkugefandi blómum og heimurinn sýnist bjartari og jákvæðari. Ilmurinn vekur upp upp dýpstu skilningarvit og þér

finnst sem þú sért í eigin leynigarði langt frá grimmri veröldinni. Fæst eingöngu í Hygeu Kringlunni og Smáralind, Snyrtivöru- versluninni Glæsibæ, Debenhams, Jöru Akureyri og Bjargi á Akranesi.



**SAMSUNG**

NX-10

- 14,6 milljón pixlar
- 3" OLED skjár
- HD Videoupptaka 720P
- Hraði 1/4000 sec · ISO 100-3200

Verð: 99.900,-**GLÆSILEG NÝ SLR MYNDAVÉL****SAMSUNG**

ST-70

- 14 milljón pixlar
- 5 x aðdráttur · 27-135 mm linsa
- Hristivörn
- Innra minni: 9.9 MB

Verð: 26.900,-**SAMSUNG**

WP-10

- 12,2 milljón pixlar
- 5 x aðdráttur
- Vassþétt allt að 3 metrum
- 1280 x 720 HD video upptaka með hljóði – líka í vatni

TILBOÐSVERÐ: 26.900,-**SAMSUNG**

ST5500

- 14,2 milljón pixlar
- 7x optical aðráttur
- WiFi, Bluetooth, AllShare
- Þráðlaus tenging
- AMOLED snertiskjár

Verð: 39.900 kr.**SAMSUNG**

EC-ES70

- 12,2 milljón pixlar
- 3x Optical Zoom
- DIS · Face detection

2GB KORT FYLGIR**Verð: 19.900,-****SAMSUNG**

ST-61

- 12 milljón pixlar
- 5 x Optical Zoom
- Video-upptaka með hljóði
- DIS hristivörn

Verð: 19.900,-**HÁGÆÐA VIDEOÓ UPPTÖKUVÉLAR:****SAMSUNG**

HMX-H200

- Full HD Video vél
- 1920 x 1008 upptaka
- 20x Optical Zoom og 200 x Digital Zoom
- 64 mm HD Schneider linsa

Verð: 69.900 kr.**SAMSUNG**

SMX-F40

- Video upptaka (720 x 480 @60i)
- 2,7" LCD skjár í Full HD upplausn
- 52 x Optical Zoom
- Notar SD/SDHC kort

Verð: 39.900,-**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535ORMSSON
MODEL-ÁKRANESI
SÍMI 431 3333ORMSSON
ÞRISTUR-ISAFIRÐI
SÍMI 456 4751ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

Flottar yfirhafnir gegn veðrum og vindum:

YFIR TÍSKUNA HAFIN

Falleg og hlý yfirhöfn er nauðsynleg eign fyrir óútreiknanlega íslenska vetur og sem betur fer virðist allt vera leyfilegt í þeim efnum.



Verð: 29.900
Stærð: XS – XL
Hlín Reykdal hálsmen:
13.900 ekkert men eins.



Verð: 29.900
Stærð: XS – XL
Hálsmen: 3.900 og 7.900

GK Reykjavík
Laugavegi 66
S. 565-2820
www.gk.is



Verð áður: 29.900 nú 23.920

Kello
Kringlunni 4
S. 568-4900



Verð: 29.990
Stærð: 38-48
Litir: fæst einnig í
grænum tónum



Verð: 24.990
Stærð: 38-48
Litur: fæst einnig í
bláum tónum

Velklæddar í veislum ...

Stíll
Laugavegi 59
S. 551-4884
www.stillfashion.is



Hvít silki/bómullar mussa
Verð: 19.900
Stærð: 36-46
Litir: hvítur og brúnn



Svartur kjóll með skrauti
Verð: 17.900
Stærð: 36-44
Hálsmen: 9.900

Tuzzi
Kringlunni 4
S. 568-8777



Kjóll Dranella
Verð: 12.900
Stærð: 34-46
Litir: Svartur og antikbleikur



Blá mussa
Verð: 12.900
Stærð: 34-46
Litir: Blár og antikbleikur



Legginsbuxur
Verð: 10.900
Stærðir: 34-44
Litir: Svartur og hermannagrænt
Klútur : 7.900



YFIRHEYRSLAN

Ása Ottesen stundar nám við Háskóla Íslands og heldur jafnframt úti hinu vinsæla tískubloggi Trend-land.

Háir hælur eða flatbotna skór: Háir hælur um helgar, flatbotna á virkum dögum.

Ómissandi í snyrtibudduna: Svartur augnblyantur, maskari, varasalvi, púður og kinnalitir.

Uppáhaldsliturinn: Ekki neinn einn, en jarðlitir eru í upphaldi akkúrat núna.

Hver eru nýjstu kaupin:

Svört síð gegnsæ blússa í Kolaportinu og svartar leðurlíkisbuxur frá Topshop, líka í Kolaportinu.

Hvað dreymir þig um að eignast:

Fallegt bárujárnshús í Vesturbænum. Það mætti alveg vera fallegur garður og risa eldhús. Svo dreymir mig líka um að fara til Mexíkó með fjölskyldu minni.

Hvaða lag kemur þér í gott skap: Soul Clap með lagið Extravaganza.

Uppáhaldshönnuðurinn:

Ég væri til í að eiga margar flíkur frá Vivienne Westwood og Alexander McQueen. Svo finnst mér margt rosa fallegt í Kiosk hérna heima.

Uppáhalds-

drykkurinn:

Gordon í grape er málið.



**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
RÚMGOTT ER EINI FRAMLEIÐANDI LANDSINS
SEM SÉRSMÍÐAR HEILSURÚM!**

**YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR
HAFNA NÝTT SÉR LEGUGREININGUNA FRÁ OKKUR
OG FENGJÓ RÚM SÉRSMÍÐIÐ AÐ ÞEIRRA ÞÖRFUM
KOMDU OG PRÓFAÐU OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
Í HEILSURÚM SEM HENTAR ÞÉR!**



**30-50%
afsláttur á
völdum
rúmunum**

**Verðdæmi:
'Queen-size'
heilsurúm á
129.000.-**

**FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



NÝ GARNSENDING



Dalvegí 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16